



Ársskýrsla 2004

Efnisyfirlit


Stjórnskipurit RARIK	4
Formáli	5
Rekstraryfirlit	8
Starfsemin 2004	
Ársfundur 2004	9
Fjármál	10
Orkuviðskipti	11
Skipulagsbreytingar	11
Upplýsingatækni	14
Orkuvinnslusvið	16
Þróunarsvið	17
Stækkun Lagarfossvirkjunar	18
Veitusvið	18
Helstu framkvæmdir í dreifikerfum	19
Aðrar framkvæmdir	20
Rekstur	20
Hitaveitur	21
Starfsmannamál	22
100 ára afmæli rafmagns	22
Ársreikningur	23-34
English Summary	35



Á ársfundinum 2004 urðu þær breytingar að Arnbjörg Sveinsdóttir gekk úr stjórn en í hennar stað kom Árni Johnsen.

Stjórn RARIK 2004-2005 var því þannig skipuð:

Sveinn Þórarinsson formaður
Árni Johnsen
Benóný Arnórsson
Guðjón Guðmundsson
Ingibjörg Sigmundsdóttir
Stefán Guðmundsson
Sveinn Ingvarsson.



Á árinu 2003 voru samþykkt ný raforkulög sem hafa haft veruleg áhrif á starfs-umhverfi RARIK. Til þess að uppfylla kröfur um aðskilnað einkaleyfisþátta og samkeppnisþátta var fyrir nokkrum misserum hafist handa við skipulagsbreytingar hjá fyrirtækinu sem öðluðust gildi í byrjun árs 2004. Starfseminni hefur í samræmi við hin nýju lög verið skipt upp í samkeppnisrekstur, þ.e. raforkusölu og raforkuvinnslu annars vegar og hins vegar í einkaleyfisrekstur, þ.e. raforku-dreifingu og hitaveiturekstur. Starfsemi RARIK á árinu bar nokkur merki framangreindra breytinga þar sem mikil áhersla var lögð á að aðlögun að hinu nýja umhverfi tækist sem best. Fullyrða má að þessar breytingar hafi tekist afar vel og er þar bæði að þakka góðum undirbúningi og hæfni starfsmanna RARIK til að aðlagast breyttum aðstæðum.

Mikil vinna var á árinu lögð í mótun hins nýja orkuumhverfis í samstarfi við Orkustofnun, iðnaðarráðuneyti og aðrar orkuveitur. Má þar m.a. nefna aðkomu að reglugerðar- og lagabreytingum, ásamt greiningu kostnaðar vegna tekjuramma einkaleyfishlutans sem er forsenda verðskrár fyrir dreifingu. Lögðu starfsmenn RARIK mikinn metnað í að uppfylla allar nýjar kröfur sem gerðar eru til orku-fyrirtækjanna og voru margir starfshópar skipaðir innan RARIK til að sinna hinum ýmsu verkefnum sem því tengdust. Mikil breyting er á uppbyggingu verðskrár í kjölfar lagabreytingarinnar og var undirbúningur fyrir breytingar á verðskrá og reikningagerð umfangsmikill á árinu. Samkvæmt nýjum lögum er ekki heimilt að selja rafmagn á mismunandi verði eftir því til hvers rafmagnið er notað, heldur aðeins eftir því hvernig og hvenær það er notað.

Viðskiptavinur fær reikning sem er sundurliðaður fyrir orkuna annars vegar og dreifingu og flutning hennar hins vegar. Ljóst er að rafmagnsreikningurinn verður flóknari við þessar breytingar og áfram þarf að vinna í því að einfalda framsetningu hans. Á árinu var unnið að undirbúningi á skilum á milli eldra umhverfis og nýs og í lok árs var farið í sérstakt átak við undirbúning nýrra samninga við þá viðskiptavini sem kaupa 100 kW og meira og gátu valið sér orkusala frá því í ársbyrjun 2005.

Við árslok 2004 lauk ákveðnu skeiði í orkuviðskiptum á Íslandi. Þetta var síðasta árið þar sem öll sala á rafmagnni var einkaleyfisháð á ákveðnum skilgreindum svæðum. Á árinu 2005 stíga rafveitur sín fyrstu spor inn í nýjan heim þar sem allri smásölu þarf að tvískipta milli einkaleyfisþátta og samkeppnisþátta og þar sem stærri fyrirtækjum leyfist að leita annað eftir orkukaupum. Þau eru ekki lengur bundin sinni gömlu góðu rafveitu nema að hluta, þ.e. með dreifipjónustuna.

Strax í ársbyrjun 2006 er gert ráð fyrir að öll raforkumásala verði gefin frjáls, þannig að allir kaupendur geti keypt orku hjá þeim orkusala sem þeir kjósa. Það er ekki ofsögum sagt að rafveitur hafi staðið á tímamótum við lok ársins 2004. Réttara væri í raun að tala um aldamót en áramót í orkuviðskiptunum, því segja má að ný öld með innreið samkeppinnar sé að hefjast.

Tungumálið mun fylgja með í breytingunum og sem dæmi má segja að orðið rafveita verði merkingarlaust; orðin dreifiveita yfir einkaleyfisþáttinn og sölufyrirtæki



Tryggvi Þór Haraldsson rafmagnsveitustjóri.

Samkvæmt nýjum lögum er ekki heimilt að selja rafmagn á mismunandi verði eftir því til hvers rafmagnið er notað, heldur aðeins eftir því hvernig og hvenær það er notað.

Hinn 12. desember sl. voru liðin 100 ár frá því að fyrsta vatnsaflsstöðin á Íslandi tók til starfa og fyrsti vísir að rafveitu á Íslandi, nánar tiltekið í Hamarskotslæk í Hafnarfirði.

yfir samkeppnisþáttinn virðast ætla að koma í staðinn. Þetta eru vissulega miklar breytingar, viðskiptavinir eru ekki lengur fastir áskrifendur, heldur viðskiptavinir þar sem taka þarf fullt tillit til þarfa þeirra ef halda á í viðskiptin. RARIK hefur að sumu leyti forskot í þessum efnunum, persónuleg tengsl fulltrúa fyrirtækisins við viðskiptavini á landsbyggðinni eru oft meiri en í stærstu þéttbýliskjörnum landsins. Auk þess býr RARIK við góð tæknileg skilyrði til viðskipta í hinu nýja umhverfi, gott viðskiptakerfi og góðan mælibúnað sem getur gefið öllum stærri notendum ítarlegar upplýsingar um orkuviðskiptin. Með góðu starfsfólki og góðum búnaði þarf því ekki að kvíða framtíðinni á þessu sviði.

Á árinu voru samþykkt lög um stofnun Landsnets hf., sem tók síðan til starfa 1. janúar 2005, en því er ætlað að sinna flutningi rafmagns milli landshluta og stærstu þéttbýliskjarna. Þegar ný raforkulög komu til framkvæmda 1. júlí 2003 náði meginflutningskerfi raforku í fyrstu aðeins til flutningskerfis Landsvirkjunar. Jafnframt lá fyrir að síðar yrði það lagt inn í Landsnet hf. og stækkað. Með breytingum á raforkulögum sem samþykktar voru í maí 2004 var ákveðið að stækkunin kæmi til framkvæmda 1. janúar 2005. Sú stækkun nær til meirihluta stofnlínakerfis RARIK og til verulegs hluta af flutningskerfum Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Orkubús Vestfjarða. Iðnaðarráðherra skipaði samninganefnd eigenda þessara fyrirtækja til að meta verðmæti þeirra eigna sem mynda skyldu flutningskerfi hins nýja flutningsfyrirtækis Landsnets hf. Í samræmi við samkomulag nefndarinnar lögðu RARIK, Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða flutningskerfi sín inn í hið nýja fyrirtæki, en Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur völdu að leggja flutningskerfi sín ekki inn, heldur leigja þau. Hluttur RARIK í hinu nýja fyrirtæki er liðlega 20%.

Hinn 12. desember sl. voru liðin 100 ár frá því að fyrsta vatnsaflsstöðin á Íslandi tók til starfa og fyrsti vísir að rafveitu á Íslandi, nánar tiltekið í Hamarskotslæk í Hafnarfirði. Það var bóndi og trésmiður ættaður norðan úr Þingeyjarsýslu, Jóhannes Reykdal, sem var athafnamaðurinn á bakvið þá framkvæmd. Rafveitur landsins og ýmis félagasamtök minntust þessara tímamóta með ýmsum hætti á árinu.

Lagarfossvirkjun.

Á árinu var unnið að undirbúningi og sótt um leyfi fyrir stækkun Lagarfossvirkjunar sem mun væntanlega skila sér í tvöföldun eigin framleiðslu RARIK á rafmagni.



Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar mun rennsli aukast um Lagarfljót sem gerir þessa stækkun mjög hagkvæma og mun orkuvinnsla aukast um 130 GWh á ári. Gert er ráð fyrir að virkjunin stækki um 20 MW og verði því yfir 27 MW þegar framkvæmdum lýkur árið 2007. Reiknað er með að kostnaður við framkvæmdina nemi tæpum 3 milljörðum króna.


Afkoma RARIK á árinu 2004 var með besta móti. Hagnaður nam 472 milljónum króna, en á árinu 2003 nam tap á rekstrinum 114 milljónum króna. Mismunur á rekstrarniðurstöðu árána skýrist að langmestu leyti af aukningu í orkusölu, meiri tekjum af tengigjöldum og verksölu, ásamt gengishagnaði. Rekstrartekjur hækkuðu um 8,7% milli árána 2003 og 2004, samanborið við hækkun rekstrar-gjalda um 3,6% á sama tíma. Eigið fé í lok ársins 2004 var 10.782 milljónir króna og eiginfjárlutfall í árslok 2004 var 68,4%.



Undir lok síðastliðins árs hófst umræða um hugsanleg kaup ríkisins á eignahluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Það var svo í febrúar 2005 að skrifað var undir viljayfirlýsingu milli eigenda Landsvirkjunar um að ríkið leysti til sín eignahluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar. Samhliða lýstu stjórnvöld því yfir að stefnt væri að sameiningu Landsvirkjunar, RARIK og Orkubús Vestfjarða strax í byrjun næsta árs. Vinna við undirbúning hugsanlegrar sameiningar er þegar hafin og ljóst að góð sátt er meðal forráðamanna fyrirtækjanna um fyrirhugaða sameiningu. Nú er gert ráð fyrir að RARIK verði sjálfstætt fyrirtæki í samstæðunni, ásamt Orkubúi Vestfjarða og einingum Landsvirkjunar. Ef áformin ganga eftir mun samstæðan stunda orkuframleiðslu, flutning, dreifingu og sölu raforku, auk annarrar starfsemi. Starfsmenn RARIK fagna þessum áformum og telja að þau muni verða til hagsbóta fyrir viðskiptavinum samstæðunnar vítt og breitt um landið.



Tryggvi Þór Haraldsson rafmagnsveitustjóri



Samhliða lýstu stjórnvöld því yfir að stefnt væri að sameiningu Landsvirkjunar, RARIK og Orkubús Vestfjarða strax í byrjun næsta árs. Vinna við undirbúning hugsanlegrar sameiningar er þegar hafin.





TEKJUR

- Smásala raforku
- Smásala á heitu vatni
- Raforkusala til almenningsveitna
- Aðrar tekjur
- Fjárm.tekjur umfram fjárm.gjöld



ÁRSFUNDUR RARIK 2004

Ársfundur RARIK var haldinn á Selfossi 14. maí 2004. Þar var fjallað um rekstur fyrirtækisins á liðnu ári, stöðu þess og horfur. Á fundinum var gerð grein fyrir afkomu ársins 2003 og helstu þáttum í starfsemi RARIK. Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra ávarpaði fundinn og kynnti skipan nýrrar stjórnar. Í ávarpi sínu lagði hún áherslu á þau jákvæðu áhrif sem ný raforkulög ættu að hafa á starfsemi RARIK. Sveinn Þórarinnsson stjórnarformaður ræddi um nýtt umhverfi raforkumála og skipulagsbreytingar sem gerðar hafa verið hjá RARIK vegna nýrra raforkulaga.

Tryggvi Þór Haraldsson, rafmagnsveitustjóri, flutti skýrslu um starfsemi liðins árs og fjallaði um skipulagsmál og framtíðarsýn fyrirtækisins. Hann gerði í upphafi máls síns að umtalsefni starfsemi RARIK á Suðurlandi og gat um sérstöðu landshlutans, en á Suðurlandi fjölga viðskiptavinum RARIK hraðast vegna sumarhúsabygginganna. Tryggvi rakti þær breytingar sem orðið hafa á raforkulögum og áhrif þeirra á starfsemi RARIK. Hann sagði í ræðu sinni að marka þyrfti stefnu til að mæta breyttum tímum og lagði þar m.a. áherslu á að stækka þyrfti dreifikerfi RARIK með sameiningu veitna til að auka samlegðaráhrif og að efla þyrfti markaðs- og sölustarfsemi fyrirtækisins. Hann ræddi enn fremur nauðsyn



Orkuvinnsla vatnsaflstöðva

	Uppsett afl kW	Orkuvinnsla MWh	Orkuvinnsla MWh	Aukning orkuvinnslu
Rjúkandavirkjun	840	8.149	8.269	1,5%
Laxárvatnsvirkjun	480	2.595	2.766	6,6%
Gönguskarðsárvirkjun	1.064	7.624	8.042	5,5%
Skeiðsfossvirkjun	4.800	18.458	31.383	70,0%
Garðsárvirkjun	174	956	1.016	6,3%
Lagarfossvirkjun	7.500	58.909	59.443	0,9%
Fjarðarselsvirkjun	160	0	310	
Grímsárvirkjun	2.800	20.081	19.624	-2,3%
Smyrlabjargaárvirkjun	1.000	10.579	10.717	1,3%
Alls	18.818	127.351	141.571	11,2%

Orkuvinnsla varmaflstöðva

	Uppsett afl kW	2003 Orkuvinnsla MWh	2004 Orkuvinnsla MWh	'03 - '04 Aukning orkuvinnslu
Vesturland	6.418	98	67	-31,4%
Norðurland vestra	4.960	87	70	-20,1%
Norðurland eystra	5.856	817	1.025	25,5%
Austurland	20.604	150	469	212,6%
Suðurland	2.237	27	58	116,6%
Alls	40.075	1.179	1.689	43,3%

Grímsstaðir og Möðrudalur eru talin með í fyrsta sinn 2004

Orkuvinnsla jarðhita

	Uppsett afl kW	2003 Orkuvinnsla MWh	2004 Orkuvinnsla MWh	'03 - '04 Aukning orkuvinnslu
Skútudalur Siglufirði	6.600	23.750	25.352	6,7%
Gröf (Dalabyggð)	2.430		18.250	
Alls	9.030	23.750	43.602	83,6%



Þess að breyta rekstrarformi RARIK í hlutafélag. Tryggvi færði Kristjáni Jónssyni, fyrrverandi rafmagnsveitustjóra, þakkir fyrir störf hans og færði honum blóm-vönd. Kristján ávarpaði fundinn og þakkaði fyrir sig.

Að lokum hélt Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur fróðlegt og skemmtilegt erindi um náttúruvá á Suðurlandi þar sem hún er meiri en víðast annars staðar á landinu.

Sú breyting varð á stjórn RARIK að Árni Johnsen var skipaður í stað Arnbjargar Sveinsdóttur. Stjórn RARIK fyrir 2004-2005 er því þannig skipuð: Sveinn Þórarinnsson formaður, Árni Johnsen, Benóný Arnórsson, Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Stefán Guðmundsson og Sveinn Ingvarsson.

FJÁRMÁL

Starfsemi RARIK gekk vel á árinu 2004. Afkoman var mun betri en á undanförunum árum og nam hagnaður ársins 472 mkr. Þetta skýrist að langmestu leyti af aukningu í orkusölu, hærri tengigjaldtekjum og gengishagnaði.

Rekstrartekjur á árinu 2004 námu 6.431 mkr og jukust um 8,7% frá fyrra ári. Rekstrargjöld hækkuðu hins vegar mun minna en tekjurnar eða um 3,6%, í 4.924 mkr á árinu 2004. Framlegð rekstrarins, það er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti, hækkaði úr 1.165 mkr á árinu 2003 í 1.507 mkr á árinu 2004 eða um rúm 29% milli ára.

Afskriftir á árinu 2004 námu 1.067 mkr, sem er lækkun um 1,8% frá árinu 2003. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam 440 mkr á árinu 2004 samanborið við 78 mkr á árinu 2003. Hrein fjármagnsgjöld breyttust einnig mjög mikið milli ára. Á árinu 2004 var fjárhæðin jákvæð um 32 mkr samanborið við 192 mkr. neikvæða fjárhæð á árinu 2003.


Eigið fé nam 10.782 mkr í árslok 2004 samkvæmt efnahagsreikningi og er eiginfjárlutfallið 68%. Heildareignir í árslok 2004 námu 15.770 mkr. Undir liðinn óefnislegar eignir flokkast keypt viðskiptavild sem færð er til gjalda á tíu árum og langtímakostnaður sem færður er til gjalda á fjórum árum. Bókfært verð þessa liðar var í árslok 2004 110 mkr.

Bókfært verðmæti varanlegra rekstrarfjármuna í árslok 2004 nam 13.903 mkr og hækkaði um 176 mkr frá fyrra ári og greinist þannig að fjárfestingar námu 1.231 mkr en á móti námu afskriftir og seldar og niðurlagðar eignir 1.055 mkr. Varanlegir rekstrarfjármunir eru langstærsti hluti eigna fyrirtækisins eða ríflega 88%.

Áhættufjármunir sem metnir eru á kostnaðarverði námu tæpum 92 mkr í árslok 2004 sem er hækkun frá fyrra ári um 2 mkr. Veltufjármunir, en þeir eru efnisbirgðir, skammtímakröfur og handbært fé, námu samtals 1.665 mkr í árslok 2004 sem er rúmlega 5% hækkun frá árslokum 2003 en þá námu veltufjármunir 1.582 mkr.

Í árslok 2004 voru skammtímaskuldir 1.749 mkr og hækkuðu um 463 mkr á árinu. Veltufjárlutfallið í árslok 2004 er 0,95 samanborið við 1,23 í árslok 2003. Langtímaskuldir lækkuðu um 476 mkr á árinu og námu 3.240 mkr í árslok. Greiddar afborganir langtímaskulda námu 308 mkr á árinu 2004 en önnur breyting skýrist af gengisbreytingu gjaldmiðla.

Bókfært eigið fé RARIK er 10.782 mkr í árslok 2004 samanborið við 10.527 mkr í árslok 2003. Eigið fé hefur því hækkað um 255 mkr, sem skýrist af því að arður samkvæmt fjárlögum, sem kemur til lækkunar á eigin fé, nemur kr 217 mkr og dregst því frá rekstrarhagnaði ársins, sem var eins og áður segir 472 mkr á árinu 2004.



- Virkjanir
- Aðalorkuver
- Dreifiveitur
- Veltufjármunir
- Rekstrarfjármunir
- Aðrar eignir

ORKUVIÐSKIPTI

Góð aukning var í orkusölu á árinu, eða um 4,5%. Landsvirkjun hækkaði gjaldskrá sína um 2,9% 1. ágúst og í kjölfarið hækkaði gjaldskrá RARIK einnig um 2,9%. Ekki urðu breytingar á gjaldskrárforminu á árinu. Hins vegar var mikil vinna við undirbúning nýrrar gjaldskrár sem öðlaðist gildi á árinu 2005 og var sniðin að hinu nýja umhverfi raforkumála þar sem dreifing og sala eru aðskildar. Ennfremur var hafinn undirbúningur að samningagerð við stærri orkukaupendur sem frá 1. janúar 2005 geta valið sér orkusala.

Árið 2004 var ennfremur fyrsta heila árið í viðskiptum við nýja orkunotendur í Húsafelli og vegna hitaveitu í Dalabyggð. Á árinu 2004 lauk heildsölu RARIK til rafveitna sem lengi hefur verið verulegur þáttur í sölu fyrirtækisins. Frá árinu 2005 kaupa rafveitur flutninginn af nýstofnuðu Landsneti og orkuna hjá þeim sem hafa orkuframboð umfram eigin not.

SKIPULAGSBREYTINGAR HJÁ RARIK

Í upphafi árs 2004 tók nýtt skipurit fyrirtækisins gildi. Gagngerar breytingar urðu á starfsumhverfi orkufyrirtækja með lagabreytingum í mars 2003 og verður innra skipulag orkufyrirtækja að endurspeglar breytingarnar til að þau starfi í takt við lögin. Krafa um endurskipulagningu var því skýr og mikilvægt að tryggja að nýtt skipulag tæki tillit til þeirrar fjölbreytni sem í verkefnum fyrirtækisins felst og flókens samspils milli einkaleyfis- og samkeppnisstarfsemi, ásamt því að í nýju skipulagi væri gert ráð fyrir öllum verkefnum RARIK. Við gerð nýs skipulags RARIK var tekið tillit til nýrra orkulaga og stefnumótandi áhersla gagnvart breyttu rekstrarumhverfi RARIK.

Skipulag RARIK byggist á forsendum samstæðuskipulags þar sem samstæðan er mynduð af stoðsviðum og afkomusviðum, sem eru ábyrg fyrir eigin afkomu gagnvart samstæðunni.


Meginmarkmið afkomusviða er að ávaxta þá fjármuni sem bundnir eru í starfsemi þeirra, auk þess að fullnægja öllum lagalegum skyldum, m.a. varðandi gæði og áreiðanleika. Ávöxtunarkrafa tekur mið af viðmiðunarmörkum, sem í sumum tilfellum eru sett fram árlega af Orkustofnun en í öðrum samkvæmt skilgreiningu samstæðunnar.

Afkomusvið eru með sjálfstæðan rekstur, innan ramma samstæðunnar, en kaupa umsamda þjónustu af stoðsviðum. Afkomusvið eru ábyrg fyrir öllum tekjum sínum og gjöldum og hafa því aðgreindan efnahag og eru bókhaldslega aðskilin frá annarri starfsemi.

Meginhlutverk stoðsviðanna er að vinna verkefni sem styðja við tekjuöflun og verðmætasköpun afkomusviðanna og RARIK samstæðunnar. Stoðsvið þjónusta afkomusviðin og samstæðuna í heild sinni í samræmi við gildandi þjónustusamninga.



Skipting raforkusölu eftir töxtum



	GWh	%
Heildsala	195	16%
Hitun	285	23%
Vélar	357	28%
Markmæling	125	10%
Almenn notkun	186	15%
Önnur notkun og tap	104	8%
Samtals	1.252	100%

Nýju skipulagi RARIK er ætlað að:


- Tryggja samkeppnishæfi samstæðunnar RARIK í nýju rekstrarumhverfi.
- Tryggja rekstrar- og stjórnunarlega aðgreiningu milli einkaleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi.
- Skapa skýra aðgreiningu milli mismunandi afkomusviða og stoðsviða og fjárbindingar vegna þeirra.
- Tryggja jafnræði við starfrækslu einkaleyfisstarfsemi og trúnað um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni í samkeppnisrekstri orkuviðskiptanna.
- Auka arðsemi og kostnaðarvitund.

Í kjölfar skipulagsbreytinganna í upphafi árs 2004 var ljóst að endurskoða þyrfti Handbók RARIK. Sú endurskoðun hefur verið í gangi allt árið 2004 og eru líkur á að henni ljúki ekki fyrr en líða tekur á árið 2005. Um leið og endurskoða þarf Handbókina frá sjónarhóli skipulagsmála var tækifærið einnig notað til að endurskoða uppbyggingu Handbókarinnar.

Orkunotkun á íbúa


	Íbúafjöldi		Orkusala kWh á íbúa	
	2003	2004	2003	2004
Vesturland	8.990	8.910	14.537	15.746
Norðurland	17.460	17.230	14.256	14.349
Austurland	11.220	11.740	26.844	27.213
Suðurland	11.090	11.260	15.328	16.040
Samtals	48.760	49.140	17.448	18.063

Skipting raforkusölu eftir meginflokkum



	GWh	%
Smásala raforku	888	71%
Heitt vatn	65	5%
Heildsala	195	16%
Önnur notkun og tap	104	8%
Samtals	1.252	100%

Orkuflæði RARIK 2004



Orkuöflun og sala

	2003 MWh	%	2004 MWh	%	'03-'04 Aukn.
Aðkeypt raforka	1.036.421	87,2%	1.064.935	85,0%	2,8%
Landsvirkjun forgangsorka	757.391	63,7%	766.788	61,2%	1,2%
Landsvirkjun ótryggð orka R/O	36.049	2,9%	37.418	3,0%	3,8%
Landsvirkjun ótryggð orka önnur	204.800	17,2%	217.103	17,3%	6,0%
Andakílsárvirkjun	35.386	3,0%	38.032	3,0%	7,5%
Smávirkjanir	2.795	0,2%	5.594	0,4%	100,1%
Eigin vinnsla	152.719	12,8%	187.261	15,0%	22,6%
Vatnsaflsstöðvar raforka	127.351	10,7%	141.571	11,3%	11,2%
Varmaaflsstöðvar raforka	1.179	0,1%	1.689	0,1%	43,3%
Kyndistöðvar (R/O) heitt vatn	439	0,1%	400	0,0%	-8,9%
Jarðvarmastöðvar (áætlan)	23.750	2,0%	43.602	3,5%	83,6%
Orkuöflun v/raforkusölu	1.128.902	94,9%	1.170.777	93,5%	3,7%
Orkuöflun v/hitaveitna	60.238	5,1%	81.420	6,5%	35,2%
Orkuöflun alls	1.189.140	100,0%	1.252.197	100,0%	5,3%
Raforka					
Orkuöflun	1.128.902	100,0%	1.170.777	100,0%	3,7%
Þar af aðkeypt	1.000.372	88,6%	1.027.517	87,8%	2,7%
Þar af eigin vinnsla	128.530	11,4%	143.260	12,2%	11,5%
Orkusala	1.037.531	91,9%	1.083.228	92,5%	4,4%
Heildsala	186.173	16,4%	194.800	16,6%	4,6%
Smásala	851.358	75,4%	888.428	75,9%	4,4%
Tap og eigin notkun	91.371	8,1%	87.549	7,5%	-4,2%
Heitt vatn					
Orkuöflun	60.238	100,0%	81.420	100,0%	35,2%
Þar af aðkeypt	36.049	59,8%	37.418	46,0%	3,8%
Þar af eigin vinnsla	24.189	40,2%	44.002	54,0%	81,9%
Orkusala	47.284	78,5%	65.361	80,3%	38,2%
Smásala R/O veitur	26.985	44,7%	28.095	34,5%	4,1%
Smásala, jarðhitaveitur, áætluð orka	20.299	33,7%	37.266	45,8%	83,6%
Tap og eigin notkun	12.954	21,5%	16.509	19,7%	24,0%
Orkuviðskipti					
Orkuöflun alls	1.189.140	100,0%	1.252.197	100,0%	5,3%
Orkusala alls	1.084.815	91,2%	1.148.589	91,7%	5,9%
Tap og eigin notkun alls	104.325	8,8%	103.608	8,3%	-0,7%





UPPLÝSINGATÆKNI

Í byrjun árs var ákveðið að endurnýja fjárhagsupplýsingakerfi RARIK. Eldri kerfi eru komin til ára sinna og með nýjum raforkulögum var það orðið brýnt að fá kerfi er hægt væri að byggja á til framtíðar. Lögð var áhersla á vandaða þarfgreiningu fyrir RARIK og var samið við IMG um ráðgjöf vegna hennar. Í upphafi voru meginmarkmiðin skilgreind til þess að tryggja að allir gengju í takt. Í kjölfarið var byrjað á ítarlegri útboðslýsingu sem ráðgert er að ljúka í byrjun 2005. Útboðslýsingin er unnin í nánu samstarfi við Ríkiskaup.

Tölvukerfi RARIK nær til allra starfsstöðva fyrirtækisins. Til þess að auka öryggi og til að auðvelda fjarvinnslu voru tengingar á milli staða stækkaðar. Í kjölfarið var myndfundabúnaður keyptur sem auðveldar dreifða stjórnun í fyrirtækinu enda skiptir staðsetning sumra starfsmanna minna máli en áður var.

Heildsala

	Árið 2003		Árið 2004		'03 - '04 Aukning %
	Selt afl kW	Seld orka MWh	Selt afl kW	Seld orka MWh	
Forgangsorka	14.979	111.310	15.567	118.222	6,2%
Orkuveita Húsavíkur	400	8.241	400	7.174	-12,9%
Rafveita Reyðarfjarðar	2.100	14.608	2.100	16.449	12,6%
Selfossveitur bs.	5.500	40.906	6.000	42.722	4,4%
Orkuveita Reykjavíkur (Akranes)	6.600	45.657	6.660	49.859	9,2%
Sleitustaðavirkjun		14		26	85,7%
Orkubú Vestfjarða	379	1.884	407	1.992	5,7%
Ótryggð orka		74.863		76.578	2,3%
Selfossveitur bs.		10.773		10.808	0,3%
Hitaveita Suðurnesja (Vestmannaeyjar)		63.146		64.929	2,8%
Rafveita Reyðarfjarðar		944		841	-10,9%
Heildsala		186.173		194.800	4,6%

Raforkusmásla - skipting reikningsfærðar raforkusmáslu eftir töxtum

	2003 MWh	2004 MWh	Aukning 2003-2004	Hlutdeild magns	Meðalverð m/vsk 2003 kr/kWh	Meðalverð m/vsk 2004 kr/kWh	Verð- breyting 2003-2004
Almenn notkun	145.278	154.174	6,1%	17,4%	10,86	11,04	1,7%
Utanhússlýsing	7.359	7.808	6,1%	0,9%	14,81	14,78	-0,2%
Sumarbústaðir	32.903	39.322	19,5%	4,4%	7,75	7,85	1,3%
Markmæling	122.427	124.659	1,8%	14,0%	4,86	4,93	1,4%
Aflmæling	196.881	191.034	-3,0%	21,5%	7,48	7,86	5,1%
Hitun heimila	127.730	137.101	7,3%	15,4%	2,73	2,81	2,9%
Næturhitun heimila	658	672	2,1%	0,1%	1,67	1,65	-1,2%
Rofin daghitun	43.638	46.232	5,9%	5,2%	5,48	5,5	0,4%
Næturhitun	3.124	2.721	-12,9%	0,3%	3,54	3,52	-0,6%
Órofin hitun	143	0	-100,0%	0,0%	7,04		
Ýmsir	170.633	183.892	7,8%	20,7%	2,40	2,47	2,9%
Samtals	850.774	887.615	4,3%	100,0%	5,91	6,02	1,9%

Á árinu voru settar reglur um meðferð tölvupósts, net-, tölvunotkun og skjalaskil starfsmanna. Markmið þeirra er að upplýsa starfsmenn RARIK um það á hvern hátt þeir eigi að umgangast tölvupóst og haga notkun sinni á hug- og vélbúnaði sem fyrirtækið leggur til. Reglurnar eru jafnframt hluti af öryggisstefnu RARIK, og þeim er ætlað að auka rekstraröryggi þess.

Á fyrstu mánuðum ársins 2004 var tekin sú ákvörðun að kaupa rafrænt skjalakerfi fyrir fyrirtækið. Leiðarljós við val á kerfinu var að það þurfti að vera samhæft Windows-hugbúnaði og vera tiltölulega einfalt í notkun. Hinn 4. mars var síðan rafræna skjalakerfið Document Manger Extensions (DME) keypt frá Tölvuþjónustu Akraness og hlaut það heitið Hilmir hjá RARIK.

Samtímis innleiðingu kerfisins var kerfisbundið farið yfir eldri skjalagögn RARIK í starfsstöðvum fyrirtækisins víða um land. Eldri samningar sem enn eru í gildi um vatnsréttindi, fasteignir og viðskipti o.fl. voru skráðir og skannaðir inn í kerfið.



Heimtaugar og sala

	Raforkumásala í GWh		Heimtaugafjöldi	
	2003	2004	2003	2004
Vesturland	130.684	140.298	4.988	5.309
Norðurland	248.908	247.233	7.879	7.973
Austurland	301.193	319.477	4.929	5.045
Suðurland	169.989	180.608	7.061	7.521
Samtals	850.774	887.616	24.857	25.848

Rafmagn	2003 MWh	2004 MWh	Aukn. %
Vesturland	130.684	140.298	7,4%
Norðurland	248.908	247.233	-0,7%
Austurland	301.193	319.477	6,1%
Suðurland	169.989	180.608	6,2%

Reikningsfært	850.774	887.616	4,3%
Óreikningsfært	584	812	
Samtals	851.358	888.428	4,4%

Heitt vatn	2003 MWh	2004 MWh	Aukn. %
Vesturland jarðhiti	0	18.250	
Norðurl. v. jarðhiti	20.299	21.668	6,7%
Austurland R/O	26.985	28.095	4,1%
Reikningsfært	47.284	68.013	43,8%
Óreikningsfært	0	0	
Samtals	47.284	68.013	43,8%

Dreifikerfi

	Fjöldi aðveitustöðva		Háspennukerfi í km	
	2003	2004	2003	2004
Vesturland	7	7	1.932	1.958
Norðurland	20	19	2.826	2.788
Austurland	13	14	1.644	1.666
Suðurland	12	12	2.237	2.291
Samtals	52	52	8.639	8.703



Skeiðsfossvirkjun í Fljótum.

ORKUVINNSLUSVIÐ

Samkvæmt nýju stjórnskipulag RARIK tilheyrir Orkuvinnslusvið samkeppnishlutunum og ber ábyrgð á endurnýjun, rekstri og viðhaldi virkjana og rafstöðva. Sviðið sinnir markaðssetningu á framleiðslu sinni og gerir samninga um orkusölu við orkusölvusvið RARIK. Þá ber sviðið ábyrgð á umhverfismálum vegna virkjana og rafstöðva en samvinnu er leitað við gæða- og umhverfisstjórnun þegar um stórfamkvæmir er að ræða. Þá sinnir sviðið aflstýringu í virkjunum RARIK. Gagnaöflun fer fram á sviðinu um framleiðslumagn, sölutölur, vatnsbúskap og annað sem hefur áhrif á afkomu sviðsins.

Þetta er fyrsta árið sem orkuvinnslusvið er rekið sem sjálfstæð afkomueining innan RARIK og má segja að reksturinn hafi gengið vel. Framleiðslan var með mesta móti enda gott vatnsár og engin stór áföll urðu í rekstrinum, nema að í ljós kom að töluvert mikill leki var kominn að þrýstivatnspípu Skeiðsfossvirkjunar svo fara varð í nokkuð umfangsmikla viðgerð á henni.

Vinnsla í vatnsaflsvirkjunum RARIK sló fyrri met á árinu. Vinnslan var 141,6 GWh, en mest hefur hún áður verið 135,8 GWh árið 2002. Í tveim virkjunum var framleiðslumetið slegið: Rjúkandavirkjun við Ólafsvík og Skeiðsfossvirkjun í Fljótum sem nú framleiddi 31,4 GWh en mesta vinnsla áður var 26 GWh árið 2000. Framleiðsluaukning virkjana frá fyrra ári var um 11,2%. Fjarðarselsvirkjun kom aftur í rekstur eftir langt hlé sem gert var vegna yfirbrunnins rafals.

Gerður var samningur við AB Volvo Penta um tilraunaverkefni í eitt ár, sem felst í því að Volvo Penta setti upp nýja (nýhannaða) dísilvél í Grímsey sem er keyrð þar inn á kerfið og Volvo Penta gerir um leið sínar prófanir á vélinni.

Gerður var samningur við Náttúrufræðistofnun Íslands um gróðurfrarsrannsóknir meðfram Lagarfljóti og er það framhald af fyrri rannsóknum stofnunarinnar sem staðið hafa síðan 1976. Hér er um mjög merkilega rannsókn að ræða þar sem fylgst hefur verið með gróðurfrarsbreytingum meðfram Lagarfljóti síðan Lagarfossvirkjun tók til starfa. Slíkar rannsóknir hafa ekki verið gerðar hér á landi áður og mun þær hugsanlega nýtast þegar taka þarf ákvarðanir um aðrar virkjanir síðar meir. Niðurstöður rannsókna, sem stóðu frá 1976-2004 voru t.d. notaðar við mat á umhverfisáhrifum vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Engar stórfamkvæmdir voru á árinu en ákvörðun um stækkun Lagarfossvirkjunar um allt að 20 MW var tekin á vordögum og undirbúningi haldið áfram. Þróunarsviði RARIK var falið að sjá um undirbúning og framkvæmd verksins.

Stífla Skeiðsfossvirkjunar.



Hinn 18. september 2004 voru liðin 50 ár frá gangsetningu Rjúkandavirkjunar við Ólafsvík. Hún var í upphafi kölluð Fossárvirkjun en nafninu var síðar breytt í Rjúkandavirkjun.

PRÓUNARSVIÐ

Meginverkefni þróunarsviðs eru umsjón með stærri framkvæmdum, rannsókn- og þróunarverkefnum og innri og ytri verkefnum. Þróunarsvið sér um fjargæslu-, fjarmæli- og fjarskiptakerfi RARIK. Jafnframt vinnur sviðið að öryggisstjórnun og öryggismálum, til eftirlits og samræmis milli sviða og mótar og innleiðir vinnureglur og starfsaðferðir er varða persónuöryggi. Þá ber sviðið ábyrgð á þróun og samræmingu hugbúnaðar vegna tæknimála hjá RARIK í samráði við upplýsingateknideild.

Á árinu 2004 var unnið að byggingu nýrra aðveitustöðva á Selfossi og á Teigarhorni í Berufirði. Einnig var unnið að undirbúningi lagningar á 132 kV streng frá Hryggstekk í Skriðdal til Stuðla í Reyðarfirði fyrir flutningssvið Landsvirkjunar. Þá vann sviðið að undirbúningi að stækkun Lagarfossvirkjunar um allt að 20 MW.


Helstu breytingar sem gerðar voru á Fjargæslukerfi RARIK voru að nú er kerfið rekið miðlægt með einni miðstöð sem er í Reykjavík. Áður var kerfið rekið með miðstöð á öllum umdæmisskrifstofum. Varamiðstöð er á Akureyri og er hún einnig notuð til stýringa á ótryggðri orku.

Talsverðar breytingar voru gerðar á notendaskilum fjargæslu til hagræðis fyrir notendur veitusviðs og áfram var unnið við þróun á Fjargæslu- og fjarmælivef RARIK. Fjargæsluvefurinn er aðgangur að upplýsingasafni kerfisins. Þar eru atburðir flokkaðir að óskum notenda, gerðar skýrslur og ýmsar samantektir. Með fjarmælivefnum má skoða allar mælingar sem safnað er með fjargæslukerfinu.

Vegna skipulagsbreytinga hjá RARIK, sem tóku gildi í ársbyrjun 2004, varð að huga að fyrirkomulagi öryggisstjórnunar fyrir hin nýstofnuðu svið gagnvart ytra eftirliti sem Löggildingarstofa sinnir. Fyrirhuguð er sú breyting á öryggisstjórnun RARIK að kerfið fyrir Veitusvið og Framleiðsluvið verður endurskoðað en skrifað nýtt öryggisstjórnunarkerfi fyrir Rekstrar- og Þjónustusvið. Gera má ráð fyrir að öryggisstjórnunarkerfi fyrir RARIK-samstæðuna verði tilbúið til fyrstu úttektar síðla árs 2005.



Stöðvarhús Rjúkandavirkjunar.



Stífla og lón Rjúkandavirkjunar.



Stöðvarhús Lagarfossvirkjunar.

Á árinu var unnið að innra og ytra eftirliti samkvæmt fyrirkomulagi síðustu ára og voru niðurstöður birtar í skýrslum.

STÆKKUN LAGARFOSSVIRKJUNAR

RARIK tók ákvörðun fyrir nokkrum árum um að kanna hagkvæmni þess að stækka Lagarfossvirkjun á Héraði og var lokið við gerð verkhönnunarskýrslu í desember 2003 sem unnin var af VST og Raffeikningu. Niðurstöður verkhönnunar bentu eindregið til þess að hagkvæmt gæti verið að auka afl virkjunarinnar um allt að 20 MW með um 130 GWh orkuaukningu á ári. Framkvæmd við stækkun Lagarfossvirkjunar felur í sér stækkun stöðvarhúss, dýpkun aðrennslisskurðar, lagfæringu slóða að stöðvarhúsi og færslu vegar á bráðabirgðabruú vegna framkvæmda við inntak. Lækkun á klapparhafti ofan flóðgátta við Lagarfoss er hluti af framkvæmdum vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Með byggingu Kárahnjúkavirkjunar er ljóst að jökulárnar Jökulsá á Brú og Jökulsá í Fljótsdal verða virkjaðar í einni virkjun niður í Fljótsdal og frárennslinu veitt í Lagarfljót. Þeir vatnaflutningar sem fylgja þessari aðgerð valda auknu rennsli í Lagarfljóti árið um kring. Við það skapast aðstæður til stækkunar Lagarfossvirkjunar. Á það ber einnig að líta að við stækkun virkjunarinnar virkar hún sem mótvægisáðgerð til að draga úr áhrifum aukins vatnsmagns á hækkun vatnsborðs í Lagarfljóti.

RARIK tilkynnti fyrirhugaða stækkun til Skipulagsstofnunar á vordögum 2004 og óskaði eftir því að stækkun virkjunarinnar yrði undanþegin mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun féllst á ósk RARIK. Ekki bærust neinar kærur vegna ákvörðunar stofnunarinnar.

Vélar og rafbúnaður vegna stækkunarinnar voru boðin út í október og útboð á byggingarhluta var auglýst um miðjan desember. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist í apríl 2005 og verði lokið í maí 2007. Heildarfjárfesting er áætluð um 3 milljarðar króna.

VEITUSVIÐ

Hlutverk veitusviðs er að dreifa raforku en í því felst að taka við raforkunni frá flutningskerfinu, eða virkjunum sem tengjast beint við dreifikerfið, dreifa henni til einstakra notenda ásamt því að annast mælingu á þeirri orku sem afhent er. Öll uppbyggingin og rekstur rafdreifikerfisins og þjónusta við notendur sem snýr að því verkefni að dreifa raforkunni, svo sem lagning nýrra heimtauga, mæla-álestur eða viðbrögð við rekstrartruflunum, er þannig hlutverk veitusviðs.

Lagarfossvirkjun.

Við stofnun hins nýja flutningsfyrirtækis Landsnets hf lögðu RARIK, Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða flutningskerfi sín inn í hið nýja fyrirtæki þann 1. janúar



2005 og eru hluthafar í því. Dreifikerfi veitusviðs minnkaði því sem þessu nam en veitusvið mun þó áfram annast rekstur kerfisins fyrir Landsnet.

Fram til þessa hefur sameiginlegt gjald verið tekið fyrir vöruna raforku og þjónustuna að dreifa henni enda hefur raforkusala og dreifing verið í höndum sama aðila á hverju einkaleyfissvæði.

Fyrir dreifingu raforkunnar verður að setja sérstaka verðskrá og þar sem þar er um einkaleyfisstarfsemi að ræða er hún háð samþykki Orkustofnunar og er m.a. háð þeim tekjumörkum sem Orkustofnun setur hverju fyrirtæki auk þess sem innifalinn í verðskránni er flutningskostnaður raforkunnar sem dreifiveitur greiða Landsneti.

Hin nýja verðskrá fyrir dreifingu tók gildi 1. janúar 2005 á sama tíma og sala til notenda með notkun yfir 100 kW varð frjáls.

HELSTU FRAMKVÆMDIR Í DREIFIKERFUM

Á Vesturlandi var nokkur aukning í rafvæðingu sumarhúsa. Aðallega var um að ræða stækkun og þéttingu eldri sumarhúsaferfa í Borgarfirði og Kjós. Tengd voru um 250 sumarhús. Lagðir voru um 36 km af háspennustrengjum í dreifbýli og var þar aðallega um að ræða endurnýjun á háspennulínunum og styrkingu til að auka öryggi og flutningsgetu kerfisins. Í þéttbýli á Vesturlandi var mest um að ræða styrkingar og lagfæringar ásamt því að lagðar voru 22 nýjar heimtaugar.

Á Norðurlandi var óvenju mikil aukning í rafvæðingu sumarhúsa frá því sem verið hefur undanfarin ár. Um var að ræða stækkun sumarhúsaferfa á Vaðlaheiði og í Fnjóskadal auk nýrra ferfa í Fljótum og við Dalvík. Í þéttbýli voru framkvæmdir töluvert meiri en undanfarin ár vegna álagsaukningar og aukningar á byggð á nokkrum stöðum. Einnig var um að ræða endurnýjun dreifikerfis vegna gatnafrankvæmda og aldurs ásamt því að háspennudreifikerfi í Grímsey var lagt í jörð. Í Dreifbýli voru lagðir um 35 km af háspennustrengjum og var það aðallega um að ræða endurnýjun á háspennulínunum sem hafði í för með sér þrífösun og styrkingu.

Mikil aukning var á byggingafrankvæmdum í þéttbýlistöðum á Héraði og Fjarðabyggð vegna fyrirhugaðs álvers í Reyðarfirði. Lagt var dreifikerfi í nýjar götur og lagðar um 50 nýjar heimtaugar sem er veruleg aukning frá því sem verið hefur. Í dreifbýli voru lagðir um 22 km af háspennustrengjum og var þar um að ræða endurnýjun á línunum og þrífösun í Vopnafirði og endurnýjun á línunum í Nesjum í tengslum við rafvæðingu jarðganga í Almannaskarði. Bygging sumarhúsa á Austurlandi er enn ekki orðin í sama mæli og í öðrum landshlutum og er einungis um að ræða rafvæðingu einstakra húsa. Lagðar voru um 20 heimt-



Háspennustrengur lagður í jörðu.



Laxárvatnsvirkjun.



Úr nýrri aðveitustöð á Selfossi.

augar í dreifbýli. Stærsta einstaka framkvæmdin á Austurlandi var vinnuheimt- aug 16 MVA fyrir Alcoa í Reyðarfirði. Reist var aðveitustöð til bráðabirgða við 66 kV línu milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar ásamt því að lagðir voru 24 kV háspennustrengir inn á afhafnasvæðið og vinnubúðarsvæði Alcoa.

Á Suðurlandi var rafvæðing sumarhúsa umfangsmesta verkefnið eins og und- anfarin ár. Stöðug aukning hefur verið í byggingu sumarhúsa og þá sér í lagi í Árnessýslu. Hafin var rafvæðing nokkurra nýrra hverfa auk þess sem mörg eldri sumarhúsaferfi stækkuðu. Lagðar voru um 330 heimtaugar í sumarhúsa á Suðurlandi. Í dreifbýli voru lagðir um 67 km af háspennustrengjum og var rúmlega helmingurinn vegna endurnýjunar, styrkingar og þrífösunar á háspenn- ulínum en tæplega helmingur vegna aukningar á sumarhúsa byggð ásamt því að nokkuð var um að lagðar væru háspennulagnir að einstaka nýjum húsum í dreifbýli. Nokkur aukning var á byggð í þéttbýlisstöðum á Suðurlandi. Lagt var dreifikerfi í nýjar götur og lagðar um 105 nýjar heimtaugar.

AÐRAR FRAMKVÆMDIR

Tekin var í notkun ný aðveitustöð við Selfoss en bygging hennar hófst síðla árs 2003. Þessi aðveitustöð leysir af hólmi eldri stöð sem að grunni til var frá 1946. Hér er um að ræða aðveitustöð þar sem allur rafbúnaður er innandyr. Í tengslum við þessa framkvæmd voru 33 og 66 kV línur lagðar í jörð í næsta nágrenni við þéttbýlið. Frá og með áramótum 2004/2005 er þessi stöð í eigu RARIK, Landsnets og Hitaveitu Suðurnesja.

Unnið var að byggingu nýrrar aðveitustöðvar við Teigarhorn innan við Djúpa- vog. Þessi stöð kemur í stað bráðabirgðastöðvar á Byggðalínu frá 1981. Allur rafbúnaður er innandyr. Hér er um að ræða samvinnuverkefni RARIK og Lands- nets.

REKSTUR

Rekstur dreifikerfa á landinu gekk almennt áfallalítið og urðu engin stór áföll ef undan er skilið snjóflóði sem féll á Drangalínu milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Þessi lína hefur nokkrum sinnum áður orðið fyrir snjóflóði en þá alltaf á afmörkuðu svæði. Nú hins vegar féll á hana snjóflóð á svæði sem talið var nokkuð öruggt og er því ljóst að línan er alls staðar á hættusvæði. Rekstur þessarar línu hefur verið mjög dýr og viðgerðir eftir snjóflóð hafa oft þurft að bíða vikum saman vegna

Ný aðveitustöð á Selfossi.



yfirvofandi snjóflóðahættu. Gert var við línuna til bráðabirgða þar sem tekin hefur verið sú ákvörðun að leggja 66 kV streng gegnum göngin milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar.

Loftrínur víkja jafnt og þétt fyrir jarðstrengjum og í framhaldi af því hefur dregið úr truflunum vegna viðhaldsvinnu. Hins vegar er nokkur aukning á fyrirvaralausum truflunum sem rekja má m.a. til skemmda á jarðstrengjum af völdum vinnuvéla. Enn kemur fyrir að fuglar valdi straumleysi með því að fljúga á loftlínur. Með bættu rafdreifikerfi hefur roftími styst verulega og færri verða fyrir truflunum.

HITAVEITUR

Annar þáttur í starfsemi veitusviðs er rekstur hitaveitna en sú starfsemi er háð svæðisbundnu einkaleyfi sem nær jafnt til vinnslu, dreifingar og sölu. Veitusvið rekur nú fjórar hitaveitur, þ.e. í Búðardal, á Siglufirði, Seyðisfirði og Höfn í Hornafirði.

Um áramótin 2004-2005 var skipt um sölukerfi hjá hitaveitu RARIK í Dalabyggð. Eftir breytingu er heita vatnið selt eftir rúmmetramælingu í stað hemla. Settir voru upp orkumælar hjá 140 viðskiptavinum hitaveitunnar. Með orkumælingum er auk rúmmetramælingar mælt hitastig hjá viðskiptavinum veitunnar og fá þeir leiðréttingu á vatnsgjaldi eftir mældu hitastigi.

Á Siglufirði voru endurnýjaðar 20 hitaveituheimæðar og stofnlagnir í Hávegi og Ártúni. Aðflutningsæð fyrir Siglufjörð var færð við Hólsá vegna fyrirhugaðra jarðganga milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar en því verki var ekki að fullu lokið á árinu.

Nokkuð hefur borið á vatnsleka í hitaveitukerfinu á Seyðisfirði og var talsvert unnið að lekaleit. Endurnýjaður var hluti rafbúnaðar fyrir stýringu á kyndistöðinni á Höfn. Við Hoffell er verið að leita að heitu vatni fyrir Höfn og er það samvinnuverkefni RARIK og sveitarfélagsins. Taldar eru nokkuð góðar horfur á því að þar fái 70-80° heitt vatn.



Ísing á línu.

Viðgerð vegna ísingar.





Þessir fimm menningar voru kvaddir með virtum er þeir létu af störfum á árinu 2004. Frá vinstri: Ársæll Guðmundsson, Gunnar Magnússon, Eiríkur Briem, Magnús Pálsson og Hjördis Jónasdóttir.

STARFSMANNAMÁL

Starfsmönnum fækkaði um átta milli ára, voru 214 í lok árs 2004 og ársverk voru 222. Vegna nýs skipulags er þeim nú skipt niður á meginsvið (sjá töflu) í stað landshluta eins gert hefur verið undanfarin ár. Félagslíf stóð með blóma eins og alltaf og á árinu var haldin sameiginleg árhátíð allra starfsmanna, en árhátíðir hafa verið landshlutabundnar undanfarin ár. Áhugamálum var vel sinnt, svo sem skógrækt og golfi, og starfmenn tóku sig saman um að ferðast á nýjar slóðir á árinu.

Starfsmenn

	Starfsmenn 31.12.04	Stöðugildi 31.12.04	Ársverk 2004
Skrifstofa rafmagnsveitustjóra og stoðsvið	59	57	60
Orkuvinnslusvið	10	9,5	9
Veitusvið	44	44	47
Rekstrar- og þjónustusvið	101	100,5	106
Alls	214	211	222

100 ÁRA AFMÆLI RAFMAGNS

Rafveitur landsins minntust 100 ára afmælis rafmagns á landinu, en upphaf rafvæðingar vilja menn rekja til frumkvæðis Jóhannesar Reykdals í Hafnarfirði sem virkjaði Hamarskotslæk fyrir trésmíðaverkstæði sitt og nokkur íbúðarhús að auki.

Samorka skipaði starfshóp til að kynna þennan viðburð. Íslensku orkufyrirtækin minntust þessara tímamóta í sögu þjóðarinnar með margvíslegum hætti. Strax í ársbyrjun var gefið út veglegt blað um orkumál sem dreift var með Morgunblaðinu, þar sem stiklað var á stóru í raforkusögu þjóðarinnar. Þá var gefið út frímerki í tilefni tímamótanna. Haldnar voru ráðstefnur, fundir og sýningar í tilefni afmælisins og m.a. var opið hús hjá RARIK í Fjarðarselsvirkjun, elstu starfandi virkjun landsins. Hátíðarhöldunum lauk í Hafnarfirði, þann 12. desember, þegar nákvæmlega 100 ár voru liðin síðan Jóhannes Reykdal tók í notkun fyrstu almenningsrafveituna. Við það tækifæri var afhjúpaður minnisvarði um frumherjann Jóhannes Reykdal, auk þess sem orkufyrirtæki landsins afhjúpuðu táknrænt ljós sem logaði í Hafnarfirði alla jólahátíðina.



Efnisyfirlit

Staðfesting ársreiknigs	24
Áritun endurskoðanda	24
Rekstrarreikningur	25
Efnahagsreikningur	26
Sjóðstreymi	27
Skýringar	28



STAÐFESTING ÁRSREIKNINGS


Ársreikningur Rafmagnsveitna ríkisins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur Rafmagnsveitnanna 6.431 millj. kr. á árinu 2004. Hagnaður ársins var 472 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir Rafmagnsveitnanna 15.770 millj. kr. í árslok. Eigið fé í árslok nam 10.782 millj. kr. Eiginfjárhlutfall er 68%.

Arðgreiðsla til ríkissjóðs á árinu 2004 nam 217 millj. kr.

Rafmagnsveitustjóri staðfestir hér með ársreikning veitnanna fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2005



Tryggvi Pól Haraldsson
rafmagnsveitustjóri.

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins:

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Rafmagnsveitnanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Rafmagnsveitnanna á árinu 2004, efnahag 31. desember 2004 og breytingu á handbæru fé á árinu 2004 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun,
31. mars 2005



Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Rekstrarreikningur

	Skýr.	2004	2003
Rekstrartekjur			
Orkusala til notenda	19	5.230.505	4.837.451
Raforkusala til almenningsveitna		624.444	563.761
Tengigjöld		310.277	234.038
Framlag úr ríkissjóði	18	153.000	153.000
Aðrar rekstrartekjur		112.695	130.020
Rekstrartekjur		<u>6.430.921</u>	<u>5.918.270</u>
Rekstrargjöld			
Orkuöflun	20	3.393.292	3.146.999
Orkuflutningur		113.050	113.874
Orkudreifing		373.102	344.276
Orkuafhending		348.514	304.067
Sameiginlegur kostnaður		696.266	844.208
Rekstrargjöld		<u>4.924.224</u>	<u>4.753.424</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		1.506.697	1.164.846
Afskriftir	6, 13	<u>1.067.075</u>	<u>1.086.392</u>
Rekstrarhagnaður án fjármagnsgjalda		439.622	78.454
Hrein fjármagnsgjöld	10	<u>32.329</u>	<u>(192.526)</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>471.951</u>	<u>(114.072)</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

	Skýr.	31.12.2004	31.12.2003
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Stofnframlag		2.082.570	2.082.570
Varasjóður		312.036	312.036
Óráðstafað eigið fé		8.387.286	8.132.336
Eigið fé	15	<u>10.781.892</u>	<u>10.526.942</u>
Skuldir			
Langtímalán			
Skuldabréfalán	16	<u>3.239.554</u>	<u>3.716.356</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við lánastofnanir		597.731	250.000
Viðskiptaskuldir		677.207	573.509
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	321.223	311.089
Aðrar skammtímaskuldir		152.484	150.336
Skammtímaskuldir		<u>1.748.645</u>	<u>1.284.934</u>
Skuldir		<u>4.988.199</u>	<u>5.001.290</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>15.770.091</u>	<u>15.528.232</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Sjóðstreymi

	Skýr.	2004	2003
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins.....		471.951	(114.072)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og gjaldfærsla ófnilslegra eigna.....	13	1.067.075	1.086.392
Verðb. og gengism. af langt.skuldum og -kröfum.....	2	(158.921)	43.802
Söluhagnaður eigna.....		(370)	(1.655)
Veltufé frá rekstri		<u>1.379.735</u>	<u>1.014.467</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		402.033	12.650
Handbært fé frá rekstri		<u>1.781.768</u>	<u>1.027.117</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:			
Virkjanir		(57.688)	(47.246)
Fjarvarmaveitur		(573)	0
Aðalorkuveitur		(290.776)	(116.549)
Dreifiveitur		(842.662)	(912.060)
Fasteignir og lóðir		(123)	(8.225)
Áhöld, bifreiðar og vinnuvélar		(39.527)	(98.837)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		7.675	23.591
Eignarhlutir		(2.186)	(28.200)
Fjárfestingahreyfingar		<u>(1.225.860)</u>	<u>(1.187.526)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Arður til ríkissjóðs	18	(217.000)	(219.000)
Tekin ný langtímalán		0	502.962
Greiddar afborganir langtímalána		(307.747)	(167.596)
Skammtímalán		0	50.000
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(524.747)</u>	<u>166.366</u>
Breyting á handbæru fé.....		31.161	5.957
Handbært fé í ársbyrjun.....		<u>14.410</u>	<u>8.453</u>
Handbært fé í lok ársins.....		<u>45.571</u>	<u>14.410</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	31.12.2004	31.12.2003
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Viðskiptavild, langtímakostnaður	4, 12	110.191	129.698
		<u>110.191</u>	<u>129.698</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Virkjanir	13	1.726.502	1.760.989
Dísilstöðvar		144.573	150.411
Fjarvarmaveitur		67.262	70.518
Aðalorkuveitur		3.955.317	4.058.932
Dreifiveitur		7.007.889	6.617.977
		<u>11.175.041</u>	<u>10.897.838</u>
Aðrir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		781.970	812.517
Áhöld og tæki		86.864	109.568
Bifreiðar og vinnuvélar		133.021	146.011
		<u>1.001.855</u>	<u>1.068.096</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	<u>13.903.398</u>	<u>13.726.923</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutar í félögum	14	91.927	89.741
Fastafjármunir		<u>14.105.516</u>	<u>13.946.362</u>
Veltufjármunir			
Birgðir			
Efnis- og rekstrarvörubirgðir	7	500.625	482.762
Skammtímakröfur			
Orkukaupendur		828.795	765.258
Aðrar skammtímakröfur.....		289.584	319.440
		<u>1.118.379</u>	<u>1.084.698</u>
Handbært fé		45.571	14.410
Veltufjármunir		<u>1.664.575</u>	<u>1.581.870</u>
Eignir alls		<u><u>15.770.091</u></u>	<u><u>15.528.232</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Rafmagnsveitna ríkisins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Erlendir gjaldmiðlar, verðtrygging

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins og verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölu sem tók gildi 1. janúar 2005.

Skammtímakröfur

3. Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir starfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftasjóður til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Óefnislegar eignir

4. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptri viðskiptavild sem er færð til gjalda á tíu árum og langtímakostnaði sem færður er til gjalda á fjórum árum.

Áhættufé í öðrum félögum

5. Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði. Myndaður er afskriftasjóður vegna áhættufjármuna og er hann dreginn frá eignfærðum áhættufjármunum í efnahagsreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan endingartíma eignanna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður endingartími greinist þannig:

Virkjanir	40 ár
Veitukerfi	15 - 30 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5 - 50 ár

Birgðir

7. Efnisbirgðir eru metnar á innkaupsverði.

Handbært fé

8. Til handbærs fjár teljast óbundnar innistæður á bankareikningum.

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Starfsmannamál

9. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2004	2003
Laun	1.004.386	958.945
Launatengd gjöld	141.814	132.232
Áunnið orlof, breyting	2.927	8.280
	<u>1.149.127</u>	<u>1.099.457</u>
Lífeyrisskuldbinding	33.293	34.267
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>1.182.420</u>	<u>1.133.724</u>

Laun vegna rekstrar námu 854 millj. kr. og vegna nýframkvæmda sem eru færðar til eignar í efnahagsreikningi 150 millj. kr. Ársverk voru 224 eða sami fjöldi og á fyrra ári. Laun stjórnar og framkvæmdastjórnar námu 51,1 millj. kr, þar af til forstjóra 8,2 millj. kr. og til stjórnar 3,7 millj. kr. Laun stjórnarformanns voru tvöföld laun stjórnarmanna.

Hjá fyrirtækinu eru í gildi þrjú starfslokasamningar. Eftirstöðvar þessara samninga námu 8,8 millj. kr. í árslok.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

10. Hrein fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur	24.565	36.095
Vaxtagjöld og verðbætur	(212.036)	(206.770)
Gengismunur	219.800	(21.851)
	<u>32.329</u>	<u>(192.526)</u>

11. Afskriftasjóður

Afskriftasjóður frá fyrra ári	54.012	53.262
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(50.151)	(41.101)
Framlag í afskriftasjóð, gjaldfært á árinu	56.489	41.851
	<u>60.350</u>	<u>54.012</u>

12. Óefnislegar eignir

	Viðskiptavild	Langtímakostn.	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun.....	122.698	7.000	129.698
Afskrifað á árinu.....	(16.007)	(3.500)	(19.507)
	<u>106.691</u>	<u>3.500</u>	<u>110.191</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

13. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, bókfært verð þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Virkjanir	Veitukerfi	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Heildarverð 1.1.2004.....	6.600.897	31.044.992	2.547.447	40.193.336
Viðbót á árinu.....	57.042	1.134.010	40.296	1.231.348
Selt og niðurlagt á árinu.....	0	(428.471)	(100.869)	(529.340)
Heildarverð 31.12.2004.....	<u>6.657.939</u>	<u>31.750.531</u>	<u>2.486.874</u>	<u>40.895.344</u>
Afskrifað áður.....	4.838.866	20.146.783	1.480.764	26.466.413
Afskrifað á árinu.....	92.571	669.044	87.389	849.004
Sérstök afskrift.....	0	142.000	0	142.000
Afskrift færð út.....	0	(382.337)	(83.134)	(465.471)
Afskrifað samtals.....	<u>4.931.437</u>	<u>20.575.490</u>	<u>1.485.019</u>	<u>26.991.946</u>
Bókfært verð 31.12.2004.....	<u>1.726.502</u>	<u>11.175.041</u>	<u>1.001.855</u>	<u>13.903.398</u>
Afskriftahlutföll	2,5%	3,3 - 6,7%	2-20%	

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	849.004
Niðurlagðar eignir.....	56.564
Sérstök afskrift v/dreifikerfa, sbr. skýr. 18.....	142.000
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýr. 12.....	19.507
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir.....	<u>1.067.075</u>

14. Áhættufé í félögum

Í desember var Landsnet hf. stofnað. Hluttur RARIK var 2.280 þús. kr. sem er 22,8%. RARIK eignaðist hlut í Fossorku ehf. að fjárhæð 700 þús. kr.

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhluti	Bókfært verð
Héraðsvötn ehf.	75,0%	30.000
Sunnlensk orka ehf.	90,0%	72.000
Íslensk orka ehf.	2,3%	2.990
Netorka hf.	16,3%	9.800
DMM lausnir ehf.	4,1%	5.500
Sjávarorka ehf.	16,7%	1.000
Fossorka ehf.	20,0%	700
Húnaþing hf.	0,9%	1.200
Landsnet hf.	22,8%	2.280
	Samtals	125.470
Afskriftasjóður áhættufjármuna		(33.543)
		<u>91.927</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé

15. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Stofnframlag	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1 2004.....	2.082.570	312.036	8.132.335	10.526.941
Arður til ríkissjóðs, sbr. skýr. 18.....	0	0	(217.000)	(217.000)
Hagnaður skv. rekstrarreikningi.....	0	0	471.951	471.951
Eigið fé 31.12.2004.....	<u>2.082.570</u>	<u>312.036</u>	<u>8.387.286</u>	<u>10.781.892</u>

Langtímaskuldir

16. Yfirlit um langtímaskuldir og vaxtakjör

	Vextir	Eftirstöðvar
Skuldir í íslenskum krónum		
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.....	5%	1.528.261
Samtals		<u>1.528.261</u>
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum		
NIB Lán í Eur.....	2,34%	690.793
NIB Lán í Eur.....	2,35%	52.492
NIB Lán í Eur.....	2,37%	61.694
NIB Lán í Eur.....	2,37%	555.860
NIB Lán í JPY.....	0,21%	19.659
NIB Lán í USD.....	2,80%	16.998
NIB Lán í USD.....	2,19%	74.221
NIB Lán í USD.....	2,07%	165.720
NIB Lán í USD.....	2,41%	395.079
Samtals		<u>2.032.516</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....		3.560.777
Næsta árs afborganir.....		<u>(321.223)</u>
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals		<u>3.239.554</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2004 en vaxtakjör skulda í erlendum gjaldmiðlum breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á erlendum lánamörkuðum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2005.....	321.223
Afborganir 2006.....	300.577
Afborganir 2007.....	270.230
Afborganir 2008.....	273.009
Afborganir 2009.....	275.652
Síðar.....	<u>2.120.086</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>3.560.777</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Önnur mál

17. Á árinu 1989 gerðu Ríkissjóður Íslands og Rafmagnsveiturnar með sér samning um séstakar ráðstafanir vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar fyrirtækisins. Í því sambandi var Rarik afhent skuldaviðurkenning sem gefin var út af Hitaveitu Suðurnesja á árinu 1985, upphaflega að fjárhæð 914 millj. kr. sem greiðist á þrjátíu árum sem ákveðið hlutfall af orkusölu á Suðurnesjum. Skuldaviðurkenning þessi er ekki færð í efnahagsreikning, en greiðslur vegna hennar eru tekjufærðar í rekstrarreikningi. Greiðslur vegna þessarar skuldaviðurkenningar námu 78,9 millj. kr. á árinu 2004 og er sú fjárhæð færð til tekna í rekstrarreikningi. Í árslok 2004 námu eftirstöðvar nafnverðs skuldbindingarinnar 614,8 millj. kr.
18. Fjárlög ársins 2004 gera ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins greiði 217 millj. kr. í arð til ríkissjóðs og var arðgreiðslan færð til lækkunar á eigin fé fyrirtækisins. Á árinu 2004 námu framlög ríkissjóðs til Rafmagnsveitna ríkisins 153 millj. kr. sem skiptust þannig að til sveitarafveitna var ráðstafað 142 millj. kr., og til rannsóknar- og þróunarverkefna 11 millj. kr.

Sundurliðanir

19. Sala á orku til notenda nam 5.231 millj. kr. á árinu 2004 og hefur þá verið áætlað fyrir óreikningsfærðri sölu vegna orkuviðskipta notenda á tímabilinu frá síðustu reikningsútskrift og til ársloka. Orkusala til notenda greinist þannig:

	2004	2003
Raforkusala til notenda	4.536.349	4.208.446
Niðurgreiðslur	492.935	456.491
Áætl. óreikn. f. orkusölu í árslok, breyting	1.743	7.135
	<u>5.031.027</u>	<u>4.672.072</u>
Heitavatnssala til notenda	168.359	133.249
Niðurgreiðslur	31.119	32.130
	<u>199.478</u>	<u>165.379</u>
Orkusala til notenda samtals	<u>5.230.505</u>	<u>4.837.451</u>

20. Kostnaður við orkuöflun greinist þannig:

	2004	2003
Landsvirkjun	3.008.575	2.882.909
Andakílvirkjun	130.195	116.028
Sleitustaðavirkjun	3.010	3.241
Aðrar virkjanir	11.834	4.578
Varaaflossala	3.739	(5.117)
	<u>3.157.353</u>	<u>3.001.639</u>
Eigin vatnsorkuver.....	109.982	101.038
Eigin dísilrafstöðvar.....	47.224	10.814
Eigin kyndistöðvar.....	54.194	15.133
Eigin borholur.....	7.602	5.265
Rekstur stjórnstöðvar.....	16.937	13.110
	<u>235.939</u>	<u>145.360</u>
Kostnaður af orkuöflun samtals	<u>3.393.292</u>	<u>3.146.999</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar

Fimm ára yfirlit í millj. kr.

- á verðlagi hvers árs

	2004	2003	2002	2001	2000
Rekstur					
Rekstrartekjur	6.430,9	5.918,3	5.817,8	5.366,4	5.070,9
Rekstrargjöld án afskrifta	4.924,2	4.753,2	4.637,9	4.355,3	4.065,9
Rekstrarhagnaður án afskrifta	1.506,7	1.164,9	1.179,9	1.011,1	1.005,0
Afskriftir	1.067,0	1.086,4	1.156,1	1.053,1	959,1
Rekstrarhagn.(tap) án fjármagnsliða	439,7	78,5	23,7	(42,0)	45,9
Hrein fjármagnsgjöld	32,3	(192,5)	85,8	(337,7)	(256,1)
Hagnaður (tap) ársins	472,0	(114,1)	109,5	(379,7)	(210,1)

Efnahagur

Fastafjármunir	14.105,5	13.946,3	13.843,6	14.072,4	12.877,1
Veltufjármunir	1.664,6	1.581,9	1.500,0	1.470,9	1.467,6
Eignir alls	15.770,1	15.528,2	15.343,6	15.543,3	14.344,7
Eigið fé	10.781,9	10.526,9	10.860,0	10.964,4	10.667,6
Langtímaskuldir:	3.239,6	3.716,4	3.479,0	3.068,4	2.878,3
Skammtímaskuldir:	1.748,6	1.284,9	1.004,6	1.510,5	798,8
Skuldir og eigið fé alls	15.770,1	15.528,2	15.343,6	15.543,3	14.344,7

Kennitölur

	2004	2003
Veltufjárhlutfall		
Veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,95	1,23
Eiginfjárhlutfall		
Eigið fé/heildarfjármagn.....	0,68	0,68

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

THE COMPANY

RARIK was founded in 1947. Its function and main responsibility through the years has been the electrification of most parts of Iceland, particularly the rural areas. The main task is to procure, transmit, distribute and sell electricity in its operating area and thus promote and create added value to its customers. Today, the company sees to all transmission and distribution throughout its distribution area, delivering electricity directly to consumers and also to municipal utilities on a wholesale basis. Its distribution network covers about 80-90% of inhabited areas of Iceland and serves approximately 17% of the population. The number of RARIK employees at the end of 2004 was 214.

COMPANY EVOLUTION

In recent years RARIK's operations have changed considerably. The company has transposed from being in its early years primarily a construction project company, into an operating company and then into a marketing oriented service company. The new energy legislation in Iceland, issued by the parliament in March 2003, heralds yet a new phase in the company's evolution into a future of a more competitive and business oriented environment. This will have great impact on the future organisation of the Icelandic electricity market as it will become more liberalised and market oriented with increased emphasis on competition in electricity production and sales and highly regulated in the fields of transmission and distribution. This will also have great influence on the internal organisation of the company as it has to unbundle its accounts to fulfill the requirement of the regulator.

GENERATION, PURCHASE AND SALES OF ELECTRICITY

Own generation of electricity, about 14 % of total supplies for the year, was almost entirely derived from hydropower plants. The bulk of the electricity purchased is supplied from Landsvirkjun, The National Power Company.

Sales of energy, shown in table 3, are sales of electricity (wholesale supplies to municipalities and retail sales directly to customers) and sales of hot water from heating and geothermal plants.

RARIK owns 9 small hydropower plants, with a total capacity of 18.8 MW that produced 142 GWh in 2004, and several diesel plants, mostly used as reserve power source, with a capacity of 40 MW. Two heating plants, producing hot water in two municipalities which do not have access to geothermal energy, use temporary electric power and oil to heat the water which is distributed through district heating system to the customers. The production of RARIK's

Table 1 - Regional Information

	West	North	East	South	RARIK
Population	8.910	17.230	11.740	11.260	49.140
Consumer connections	5.309	7.973	5.045	7.521	25.848
Retail sales, GWh	140	247	320	181	888
Retail sales per capita, kWh	15.746	14.349	27.213	16.040	18.063
High tension systems, km	1.958	2.788	1.666	2.291	8.703



two geothermal plants was approximately 44 GWh in 2004. Now there are some hydropower and geothermal power projects under consideration and feasibility studies seem to be promising.

RARIK's oldest hydropower plant, Fjardarsel power plant, started its operation in 1913 being the first A.C. power plant in Iceland, connected to the first high voltage overhead line and serving the first municipality distribution system.

FINANCES

RARIK's operating performance was positive in many ways in the year 2004. The financial results improved greatly from 2003, due mainly to favourable exchange rate development and increased efficiency in operation. Operating revenues for the year 2004 amounted to ISK 6.4 billion in 2004, compared to ISK 5.9 billion in 2003, an increase by 8.7%. Operating expenses increased proportionally less than the revenues, or from ISK 4.75 billion in 2003 to ISK 4.92 billion in the year 2004, an increase of 3.6%.

Capital earned by company operations, i.e. operating profit before depreciation and financial items (EBITDA), thus increased proportionally rather more than the turnover, or from ISK 1.2 billion in 2003 to ISK 1.5 billion in the year 2004, corresponding to an increase of 29%. Depreciation in 2004 totalled at almost ISK 1.1 billion, a decrease from 2003 by ISK 20 million.

RARIK's profit before financial costs was ISK 440 million in 2004, compared to ISK 78 million in 2003, Financial costs change greatly between the two years. In the year 2004 this sum was positive or ISK 32 million, as opposed to a negative sum in 2003 of ISK 192 million. The difference amounts to ISK 224 million and partly explains the overall improved performance between the years.

Net profit thus amounted to ISK 472 million in the year 2004, compared to a net loss of ISK 114 million in 2003.

Total assets at the end of the year 2004 amounted to ISK 15.8 billion and equity amounted to ISK 10.8 billion, the equity ratio at the end of 2004 being 68%.

Table 2 - Energy Supply in MWh

	2003	Share	2004	Share	Incr.
Electricity purchase	1.036.421	87,2%	1.064.935	85,0%	2,8%
Own production	152.719	12,8%	187.262	15,0%	22,6%
Total	1.189.140	100,0%	1.252.197	100,0%	5,3%

Table 3 - Energy Sale in MWh

	2003	Share	2004	Share	Incr.
Sale of electricity	1.037.531	95,6%	1.083.228	94,3%	4,4%
Hot water, retail sales	47.284	4,4%	65.361	5,7%	38,2%
Total energy sales	1.084.815	100,0%	1.148.589	100,0%	5,9%

Skammstafanir

kV	=	kilóvolt
kW	=	kilóvatt
MW	=	megavatt = 1.000 kW
kVA	=	kilóvoltamper
MWh	=	megavoltamper = 1.000 kVA
kWh	=	kilóvattstund
MWh	=	megavattstund = 1.000 kWh
GWh	=	gígavattstund = 1.000 MWh = 1.000.000 kWh
TWh	=	teravattstund = 1.000 GWh = 1.000.000.000 kWh
GL	=	gígalítrar = 1.000 megalítrar = 1.000.000 kílólítrar (tonn)
mkr	=	milljón krónur
h	=	klukkustund
EVJ	=	háspennulína með einum vír
TV	=	tveggja víra lína
þV	=	þriggja víra lína
LV	=	Landsvirkjun

mkr	=	million icelandic crowns
h	=	hour
EVJ	=	one wire line (earth return)
TV	=	two wire line
þV	=	three wire line
RARIK	=	Iceland State Electricity
LV	=	National Power Company

Útgefandi/Published by
RARIK
Rauðarárstígur 10
Sími/Tel. 528 9000
Fax 528 9009
rarik@rarik.is
www.rarik.is

Ábm.: Tryggvi Þór Haraldsson rafmagnsveitustjóri
Umsjón: Stefán Arngrímsson
Hönnun, umbrot og prentun: Ásprent Stíll
Ljósmyndir: RARIK
Prófarkalestur: Fremri kynningarþjónusta



